

„ÉG ER MJÖG ánægður með frammistöðu okkar í leiknum. Við fengum betri færi og lékum betur að mínu mati og hefðum átt skilið að vinna,“ sagði Steve Fleet, þjálfari Vestmanneyinga, eftir leikinn við Carl Zeiss Jena í Kópavogi í gærkvöldi, en leikurinn endaði með markalausum jafntefli. „Ég tel að Íslendingar geti verið stoltir yfir þessum úrslitum. Ég býst ekki við neinu sterstöku í seinni leiknum. Við komum með sama hugarfari til hans og annarra leikja, en við verðum að búast við því að þeir verði mjög ákveðnir á heimavelli sínum,“ sagði Fleet.

Leikurinn í heild sinni var heldur lítið fyrir augað. Austur-Þýska liðið olli vonbrigðum, og var ekki nálægt því eins sterkt og fyrirfram var ætlað. Einn þekktasti leikmaður liðsins, Andres Bielau, sat á bekknum hvernig sem á því stóð og kom ekki inn á.

Það var heldur lítil broddur í sókn hinna röndóttu Austur-Þjóðverja og Aðalsteinn þurfti aldrei að leggja sérlega mikið á sig í markinu. Hans-Ulrich gamli Grapenthin varði hins vegar einu sinni frábærlega í fyrri hálfleiknum, þrumuskot Sveins Sveinssonar af 25 metra færi. Þessi fertugi risi fleygði sér á boltann alveg út við stöng, og sló hann reyndar í stöngina og út.

Vestmanneyingar náðu upp nokkuð góðum köflum í fyrri hálfleiknum, en náðu ekki að ógna markverðinum verulega nema í þetta eina skipti. Þjóðverjarnir fengu nokkur ágæt færi en höfðu ekki heppnina með sér. Ludwig skallaði einu sinni framhjá í góðu færi eftir misheppnað úthlaup Að-



● Hott, hott á hesti. Tómas Pálsson notar einn Þjóðverjanna sem undirstöðu er hann stekkur upp í skallabolta. Þýski markvörðurinn stekkur út og kýlir frá, en lenti á samherja sínum og höltruðu báðir á eftir. Ekki voru meiðslí þeirra þó alvarleg. Morgunblaðið/Friðþjófur.

„Hefðum átt skilið að vinna“ — sagði Steve Fleet, þjálfari ÍBV, eftir jafnteflið við Carl Zeiss Jena

alsteins, en hann varði svo seinna mjög vel frá Trocha. Hann skaut þá af stuttu færi eftir fyrirgjöf en Aðalsteinn var snöggur niður og varði.

Eftir fimmtán mín. leik í seinni hálfleiknum kom Sigurjón Kristinsson inn á hjá ÍBV í stað Bergs Árnasonar og lifnaði mjög yfir liðinu við þá skiptingu. Sigurjón var hreyfanlegur og duglegur og það var einmitt eftir undirbúning hans og Tómasar Pálssonar tveimur mín. fyrir leikslok að Jóhann Georgsson komst í ágætt færi. Sigurjón gaf stuttan bolta á Tómas inn í teiginn, fékk hann aftur og sendi fyrir á Jóhann sem var á markteignum. Hann spyrti skemmtilega með hælnum á markið, en Grapenthin sá við honum og varði. Stuttu seinna var flautað til leiksloka, og gátu Vestmanneyingar vel unað við þessi úrslit, þó svo þeir hefðu allt eins getað farið með sigur af hólmi og Þjóðverjar, en jafntefli voru ekki ósanngjörn úrslit.

Eins og áður sagði ollu Þjóðverjarnir vonbrigðum. Vestmanneyingar höfðu í fullu tré við þessa kappu — sóttu á köflum meira, og léku betur úti á vellinum. Rokið í Kópavogi gerði mönnum erfitt fyrir á stundum, en það kom auðvitað jafnt niður á báðum liðum. Þjóðverjarnir þykjast sjálfsgætt öruggir með sigur á heimavelli eftir þennan leik — en þeir verða þá að leika betur en þeir gerðu nú. Liðinu hefur ekki gengið vel það sem af er í deildinni — hefur enn ekki unnið

leik í þeim fimm umferðum sem búnar eru. Ná Vestmanneyingar góðum leik ytra ættu þeir að geta velgt þeim undir uggum.

Þjóðverjarnir eru með þrautþjáfað lið — dæmigert austantjaldslið, sem leikur agaða knattspyrnu, en ekki alltaf skemmtilega. Nokkrir leikmanna

liðsins náðu að sýna góða takta, sérstaklega fyrirliðinn, Rüdiger Schnupphase, í vörninni, Stephan Meixner á miðjunni og Martin Trocha í framliðunni. Þjóðverjarnir dreifðu spilinum þokkalega vel, og það sama má segja um Eyjamenn. Hjá þeim var Tómas friskur frammi, en fékk ekki úr mjög miklu

að móða. Ómar gerði margt laglegt á miðjunni og áttu Þjóðverjarnir oft í vandræðum með að stöðva hann. Þá var Sigurjón Kristinsson, varamaður, sprækur sem fyrr segir. Í vörninni var Valþór Sigþórsson yfirburðamaður.

Eyjamenn leika útileikinn eftir hálfan mánuð — og segja má að

þeir séu að sumu leyti heppnir að eiga tvo frestaða leiki eftir í deildinni. Þeir leika á laugardag og þriðjudag, og verða því í betri leikæfingu en ella, þegar þeir fara til Þýskalands.

Áhorfendur á Kópavogsvelli í gærkvöldi voru 495.

— SH.

Hvað sögðu Vestmanneyingar eftir leikinn?

„Óánægður með úrslitin“

„ÉG ER óánægður með úrslitin, en ekki með leikinn í sjálfu sér. Það hefði ekki verið ósanngjarnt að við hefðum unnið. Við lékum ágætlega, sérstaklega var ég ánægður með fyrri hálfleikinn hjá okkur,“ sagði Ómar Jóhannsson, en hann átti góðan leik gegn Austur-Þjóðverjunum í gærkvöldi.

„Ég held nú að möguleikar okkar séu ekki miklir á því að komast áfram — en við gerum auðvitað okkar besta í útileiknum. Það yrði ágætt að ljúka keppnistímabilinu með góðum leik gegn þeim úti.

Mér fannst þeir alls ekki eins góðir og ég hélt. Þeir voru réttara sagt mun slakari. En þeir verða örugglega erfiðir heim að sækja



— enda eru þeir yfirleitt mjög sterkir þar, þó þeim hafi ekki gengið vel í deildarkeppninni til þessa,“ sagði Ómar.

— SH.

„ÉG ER nokkuð ánægður með þennan leik. Það er þó ljóst að leikurinn úti eftir hálfan mánuð verður erfiður, en við munum gera okkar besta til að vinna hann. Leikmenn Jena voru ekki eins sterkir og við áttum von á og þeir eru ekki eins sterkir og þau lið sem við höfum leikið á mót í Evrópukeppnum til þessa. Mér fannst leikmaður númer 4 (Heiko

● Tómas Pálsson í leiknum í gærkvöldi. Morgunblaðið/Friðþjófur.

Peschke) bestur hjá þeim og einnig var leikmaður númer 9 (Martin Trocha) mjög áberandi,“ sagði Tómas Pálsson eftir leik ÍBV og Carl Zeiss Jena í Evrópukeppni félagsliða.

— SUS.

„ÞETTA var mjög góður leikur hjá okkur miðað við aðstæður. Þeir voru ekki eins sterkir og við höfðum búist við og það kom mér raunar á óvart hversu slakir þeir voru,“ sagði Aðalsteinn Jóhannsson markvörður Vestmanneyinga eftir leikinn. Aðalsteinn kvaðst búast við því að leikurinn úti yrði erfiður en: „Við reynum allt hvað við getum til að vinna hann,“ sagði Aðalsteinn.

— SUS.

Munið gírósöfnun Áskirkju

